

MEINARÓT

I

Mér þótti gott að heyra útvarpserindi dr. Björns K. Þórólfssonar um Garð (Regensen). Dr. Björn er einn þeirra manna sem ég hef mikið álit á; hann er öruggur og hugkvæmdasamur sagnfræðingur og hann talar þannig íslensku að ég get skilið hann. Það er furða hve lítið hefir verið ritað um Garð, þegar þess er gætt hve mikla þýðingu stofnun þessi hafði, um langan aldur, fyrir Íslendinga. Og þó held ég sé óhætt að segja, að ennþá minna hafi verið um þessa stofnun hugsað. En það verður að rekja til þess, hve alltof lítið hefur verið hugsað um gildi menntunar og þar af leiðandi einnig það, hverjar aðferðir mundu vera bestar til að veita og styðja menntun. Dr. Björn talaði um Garð eins og hann var 2-3 áratugum eftir að ég kynntist honum, og hafði stofnunin á þeim tíma tekið þó nokkrum framförum. En mér hefir oft komið í hug, síðan ég fór að fá nokkru meiri útsýn yfir lífið og mannfélagið, hvílkt minnismerki Garður var, þegar ég átti þar heima, um vanmat á menntun og vísindum, og þá einnig á ungum mönnum, sem líklegrir voru til að geta orðið eitthvað í þeim efnum. Þegar ég hugsa til herbergjanna á 3. gangi 3, eins og ég kom að þeim haustið 1891, þá virðist mér sem þau hafi verið mun líklegrir til að vera ætluð afbrotamönnum heldur en ungum námsmönnum, sem mikið reið á að vel gætu búið sig undir þýðingarmikið ævistarfi. Og fyrir ekki allfáa fátæka íslenska stúdenta, mátti Garður heita nokkurskonar gildra. Þeir sigldu til náms í trausti á Garð; en fjárstyrkurinn sem bústaðnum fylgdi, var svo lítill, að hann nægði jafnvel ekki hinum sparsömustu til viðurværis. Ég vissi dæmi þess, að menn hálfslutu, urðu að sleppa miðdegisverðinum, urðu ónýtir við námið og gáfust upp. Og öl-

föng voru þá svo auðkeypt, að ekki var að furða, þó að ýmsum yrði það, að vilja bæta sér upp ónógan mat með áfengisnautn. Og svo höfðu menn ekki þennan styrk nema 4 ár, og misstu hann þegar það kom sér allraverst og mest reið á að geta verið sem kappsamastur við námið. Því að jafnvel maður sem var eins framúrskarandi bæði að náms-hæfileikum og ástundun, eins og dr. Bjarni heitinn Sæmundsson, gat ekki lokið sér af á 4 vetrum.

II

Hvílík vanvisku sparssemi; hversu bersýnilegt, að þeim sem að þessu stóðu, hafði aldrei hugsast, að meðal þeirra námsmanna sem styrkja þyrfti, gætu ef til vill orðið einhverjir þeir sem launuðu góðan aðbúnað á námsárunum með því að verða afreksmenn í vísindum eða embættismannastétt. Hjá þeim sem úr þessu hefðu getað bætt, var alveg augljóslega ekki til sá skilningur, að það sem hagir mannanna höfðu lagast síðustu mannsaldrana, var langmest aukinni þekkingu og menntun að þakka. Enginn skilningur var til á því, að betra væri að styðja vel 100 námsmenn, jafnvel þó að svo ólíklega vildi til eitthvert sinn, að 99 reyndust lítilsværðir, heldur en að eiga það á hættu, að sá eini sem var efni í afreksmann gæti ekki orðið það sem í honum bjó, sakir fátækta og illa aðbúnaðar. Yfirleitt virðist mér ástæða til að furða sig á, hve lítið var um áhuga á því að grennslast eftir, hvort nokkrir af hinum ungu námsmönnum væru líkleg vísindamannsefni. Engum kom til hugar að líta eftir því, hvort hinn ungi námsmaður ætti hinar nauðsynlegustu bækur. Og enginn vitringur var, sem hinn ungi námsmaður gæti leitað heilræða til. Hversu miklu fremri Japanir eru í þessum efnum. Hjá þeim er mikill áhugi á að komast að því sem allra fyrst, hvar séu líkleg vísindamannsefni, svo að slíkir geti fengið uppeldi og menntun eins og best má verða. Og einu sinni gerðu Japanir út nefnd til að fræðast um hverjar aðferðir menn hefðu hér í Vesturlöndum til að uppgötva vísindamannsefnin nógu snemma; en sér til undrunar fundu þeir, að í vísindalöndunum vesturfrá, var lítið um

áhuga á slíku. Og á mínum æskuárum var svo langt frá því, að verið væri að veita því eftirtekt þegar á barnsaldri, hvort einhver mundi vera vísindamannsefni, að jafnvel sá sem hafði lokið tiltakanlega góðu háskólaprófi í náttúrufræði og skömmu síðar sýnt að hann mundi vera ekki ólíklegur rannsóknari, þurfti ekki að vera í neinum vafa um það, að hann þætti ekki mikilsverður, og sjálfsagt að hann lifði við þróngan kost.

III

Mín eigin saga er sú sem ég þekki best; og mér virðist hún fróðleg í þessu efni. Ég lauk aðalprófi í náttúrufræði í janúar 1897 og var skömmu síðar boðið að taka þátt í Grænlandsleiðangri þá um vorið. Ég varð að vinna sitthvað til undirbúnings þeirri ferð, og gat ekki öðru sinnt; en ekkert fékk ég fyrir það undirbúningsverk, og engum datt í hug, hvort ekki væri heppilegra, að ég hefði eitthvað mér til viðurværис þessa undirbúningsmánuði. Hálft ár var ég í ferðinni og fékk í kaup 400 kr. Ég beið heilsutjón í ferð þessari, eingöngu vegna þess hversu illa fór um mig í hinni skáþröngu, loftlithu farbúð, og af því að skipið var sá sleði, að við vorum 2 mánuði að komast til Grænlands. Þrátt fyrir erfiðleika sem þeir er byrja dagsverk sitt útsofnir munu ekki geta gert sér hugmynd um, tókst mér þó í þessari ferð minni að sýna, að ég mundi vera ekki ólíklegur jarðfræðingur. Miklum hluta næsta vetrar 1897-8 varði ég í þágu Grænlandsrannsóknarinnar, við vinnu á steinasafninu og samningu ritgerðar um athuganir mínar, og horfðist svo á í fyrstu, sem ég mundi ekkert fá fyrir þessa vetrarvinnu mína; en þó tókst mér loks með nokkrum eftirgangsmunum, að herja út 200 kr. Ég hafði frá barnæsku haft hug á að gera rannsóknir í jarðfræði Íslands, en vildi nú samt fyrst verja einu sumri til að kynnast Færeymum. Ekki fékk ég peninga til þess, og fór þó ekki fram á meira en 600 kr. Ég færði mig nú niður og bað Alþingi um 500 kr. til rannsókna á Íslandi. Umsóknin var ekki einu sinni rædd í þinginu. Loks fékk ég frá Danmörku 600 kr. til að hefja þetta verk. Rannsóknar-

ferðir mínar voru erfiðar; það er svo erfitt að fá sjaldan meir en hálfu hvíld og aldrei fulla. En þó er það nú viðurkennt, að með athugunum mínum hefst nýtt tímabil í rannsóknarsögu Íslands. Ég á í því efni mikið að þakka dönsku jarðfræðingunum prófessor dr. Niels Nielsen og dr. Arne Noe-Nygaard, sem eru ekki síður góðir drengir en þeir eru merkilegir vísindamenn. Það er ástæða til að samfagna háskólanum í Kaupmannahöfn yfir því, að annar eins maður og dr. Nielsen skuli vera orðinn þar prófessor í landfræði. Dr. Nygaard er ungar maður, aðeins um þrítuugt, en þó liggur þegar mikið verk eftir hann og mun það ekkert oflof, að segja hann í fremstu röð ungra vísindamanna á Norðurlöndum. Hið síðasta sem ég hefi séð eftir hann, er mikil ritgerð um jarðfræði Íslands, (komin út á þessu ári (1940)) sem hann hefir tileinkað mér með orðunum: To Dr. Helgi Pjeturss, on whose fundamental observations the study of the Icelandic Palagonite-System rests today.

Það væri ekki rétt af mér að halda ekki slíku á lofti; því að það er eitt ósvikulasta aðalsmark andans, að koma þannig fram gagnvart þeim sem við erfiðar ástæður og litla viðurkenningu, hefir þó afrekað eitthvað, sem er meir en í meðallagi merkilegt.

IV

Mér hefir oft fundist sem auðveldara væri að hugsa inni á öræfum og á fjöllum uppi, en á láglendinu og manna á meðal, og er þetta hvergi auðfundnara en þar sem á skömmum tíma má komast af fjöllum ofan í borg eða þorp. Og margan dag hefi ég verið einn á fjöllum uppi, frá morgni til kvölds, og oftar en einu sinni heila viku einn í tjaldi. Ég er á sama máli og Pythagoras höfuðspekingur um það, að slíkt sé hentugt þeim sem leitar eftir skilningi á tilverunni. Árið 1910 var ég einu sinni heila viku alveg matarlaus, bragðaði ekkert nema vatn. Afleiðingin af þessu varð sú óvænta, að ég fékk óráð. Það sýnir skarpleik dr. Guðmundar Finnborgasonar að hann sagði, þegar hann frétti hvernig komið var fyrir mér, að árangur þessarar reynslu minnar mundi verða

aukinn fróðleikur. Reyndist dr. Guðmundur um þetta sannspár. Því að það er ekkert skrum, heldur blátt áfram sagt frá staðreynd, að þetta varð mér til þess, að ég gerði það sem aldrei hafði gert verið áður. Ég áttaði mig á því, hvernig á þessu óráði stóð, skildi hversu náskylt það var draumlífinu, uppgötvaði eðli drauma, og sá hvílkt ljós ber þaðan yfir allt það sem dulrænt hefir verið talið. Ég sá, að hið misskilda samband við lífið á stjörnunum er uppsprettu allra trúarbragða og allrar dulrænu. Vitanlega jókst ég ekki þannig að skilningi meðan ég hafði óráð, heldur eftirá. Ég fékk ekki allt í einu, heldur smátt og smátt og ekki fyrirhafnarlaust, víðara yfirlit yfir heiminn og lífið en áður hafði til verið, skildi að tímamót voru í sögu mannkynsins meiri en nokkru sinni áður, sannkölluð úrslitatímamót, og að hinn mesti voði var yfirvofandi, ef ekki tækist að opna augu manna fyrir sumu því sem áður hafði verið í myrkri og þoku.

V

Vorið 1914 hafði ég fengið það yfirlit, að mér virtist ég verða að gera nokkra tilraun til að koma þessum sannleik á framfæri. Ég samdi því langa ritgerð — sem ég þó ekki ætladótt til prentunar — og sendi vísindafélaginu danska. Skýrði ég þar frá helstu niðurstöðum mínum, og sagði, án þess að slá nokkurn varnagla, að voðinn væri svo nálægur orðinn, að á mundi skella innan skamms, ef þessu máli væri ekki sinnt. Ég gerði mér nú að vísu ekki miklar vonir um árangur, en vísindafélagið danska hafði að nokkru leyti styrkt rannsóknir mínar, og í því voru ýmsir kennarar mínr, og var mér því skyldast að snúa mér þangað. Árangur varð vitanlega enginn, en ekki liðu nema nokkrar vikur, áður spá mín rættist.

Ég hefi síðan eftir megni haldið áfram þessari tilraun minni til að greiða götu sannleikans, en án þess þó að mér hafi tekist að vekja almennan skilning á því, að mannkynið er á leiðinni til glötunar, og að nú eru síðustu forvöð, ef hin bjargandi stefnubreyting á að geta orðið. Í engu því sem ég hefi lesið á þessum árum, virðist mér koma fram, að menn

geri sér þess fulla grein, hversu herfilegt ástandið er nú hér á jörðu, og hversu þveröfugt við það sem ætti að vera og gæti verið. Og því síður virðast menn gera sér ljóst, hver er aðalrót allra mannanna meina. En þó getur enginn vafi á því leikið. Aðalástæðan til þess, að ennþá er verið á helvegi, og glötunin jafnvel yfirvofandi, er sú, að sannleikurinn hefir verið of lítils metinn, og leitin eftir sannleikanum. Mennirnir, sem mátu sannleikann svo mikils, að þeir vildu helga honum líf sitt, hafa átt erfitt uppdráttar. Og jafnvel þegar þeim, þrátt fyrir allt, tókst að leiða í ljós merkileg sannindi, þá var því oft ekki sinnt fyrr en svo seint og ófullkomlega, að ekki gátu orðið þess full not. En aldrei hefir í þessum efnum verið eins erfiðlega ástatt og nú, þar sem hinn bjargandi sannleikur hefir verið í ljós leiddur hjá smáþjóð, sem enginn hefir búist við að gæti á nokkurn hátt haft forystu í vísindum, og af manni, sem að vísu umfram allt, hefir haft það fyrir mark og mið um dagana, að leita sannleikans, en einmitt þessvegna hefir átt á hættu að vera ekki mikils metinn og jafnvel hataður, þó að ég verði nú raunar að segja, að ég hefi ekki kynnst svo illu innræti íslensku sem til þess þarf. Og ekki furða ég mig svo mjög á því, þó að ýmsum þeim sem önnum eru kafnir við eitthvert nytsamt starf, eða arðvænlegt, eða hvorttveggja, kunni að finnast þetta tal um íslenskt þjóðarhlutverk hégómakennt, og láti sér jafnvel til hugar koma, að ekki sé um annað að ræða, en nokkurs konar brask af minni hálfu. En þó mun rás viðburðanna sanna mál mitt, og hefir þegar gert, að nokkru leyti. Ég sagði, eins og áður var á vikið, fyrir, heimsstyrjöldina 1914-18. Og í Nýal s. 339 stendur: „sennilega mundi [ef ekki tekst að koma fram hinni nauðsynlegu stefnubreytingu] fyrir miðja öldina geysa styrjöld sem fylgdi ennþá miklu meiri hörmungar en yfir hafa gengið síðan 1914.“

Ætti slíkt að geta verið mönnum nokkur hjálp til að skilja, að ég er ekki að fara með neitt hégómamál, og að það kunni þá einnig að reynast sannspá er ég hefi sagt, að ef íslenska þjóðin áttar sig á hlutverki sínu, muni til Fróns verða litið sem landsins helga öllum öðrum fremur.